



Reykjavík, 29. mars 2019  
R19030294

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna athygli og sorphirðu á grenndarstöðvum***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Gabríels Smára Hermannssonar frá ungmennaráði Kjalarness:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita grenndarstöðvum aukna athygli, gera úttekt á umhverfi og staðsetningu, skipuleggja svæði þeirra betur og auki tíðni sorphirðu.

Greinargerð:

Sorphirða er mikilvæg til þess að við getum lifað í nútímasamfélagi. Auknar kröfur eru á að heimilin flokki það sorp sem til fellur og þarf aðstaða til flokkunar að vera til staðar í nærumhverfi. Í Reykjavíkurborg eru grenndargámar víða en misvel er staðið að umhverfi og staðsetningu þeirra. Þeir eru ekki allir staðsettir á skjólsælum svæðum og eru tæmdir af sjaldan sem veldur því að þeir fyllast og rusl sveimar í kringum þá og nærumhverfi þeirra. Við viljum að Reykjavíkurborg athugi að staðsetningu og umhverfi þessara grenndargáma og auki tæmingu þeirra eins fljótt og auðið er.

Samþykkt.

Athygli er vakin á því að **tillagan var samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísí Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fullrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af umhverfis- og heilbrigðisráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

SKJALAVER HÖFÐATORGI
01. APR. 2019
Málsnr.: USK 2019-04-0004
Bréfalykill: 6.5.9